


✉ Re: Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur, Kjósarhreppi_Frístundabyggð

Búið til	2.6.2021 14:37:24
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	2.6.2021 14:37:22
Tilheyrir	 202105-0016 - Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur, Kjósarhreppi_Frístundabyggð

Efni

Re: Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur, Kjósarhreppi_Frístundabyggð

Upplýsingar

Sent	2.6.2021 14:37:22	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	sigurdur@kjos.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202105-0016 (SS).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Kjósarhrepps, dags. 12. maí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur, Kjósarhreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir deiliskipulagsbreytinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Áform eru um að skilgreina 30 lóðir fyrir frístundahús á svæði norðan og vestan við Langamel austan við núverandi frístundabyggð. Í greinargerðinni segir að áformuð uppbygging muni ekki hafa áhrif á svæði og náttúruyfyrirbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og að svæðið sé að mestu utan votlendis eða mýrarsvæðis.

Að mati Náttúrufræðistofnunar eru áhrif á votlendi ekki eins lítil og greint er frá í greinargerð. Uppbygging við Selveitu mun ganga að hluta á það svæði sem tilheyrir hverfisverndarsvæðinu N7 – Háamýri og nánasta umhverfi. Einnig verður votlendi í Bullhólsmýri raskað til fulls, þó það votlendi nái ekki þeim stærðarviðmiðum að falla undir 61. greinina. Eins og kemur fram í greinargerðinni eru þarna votlendisvistgerðir með mjög hátt verndargildi sem verða fyrir áhrifum. Þá geta áhrif af uppbyggingunni

verið víðtækari en einungis það svæði sem verður raskað því breytingar geta orðið á vatnsstöðu í nálægu votlendi í kjölfar framkvæmda. Náttúrufræðistofnun leggur til að horft sé til þess að skilgreina mótvægisáðgerðir til að vega upp rask á votlendi t.d. endurheimt votlendis þar sem því verður komið við.

Ekki er stefnt að því að raska strandlínu eða fjöruvistgerðum. Náttúrufræðistofnun vill benda á að stofnunin hefur tilnefnt Hvalfjörð fyrir framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða, fugla og sela. Mikil aukning hefur verið í uppbyggingu frístundabyggðar nálægt ströndinni og þó hún valdi ekki alltaf (og ekki í þessu tilfalli) eiginlegu raski, getur henni fylgt ónæði og aukin hætta á mengun eða öðrum óhöppum sem geta haft neikvæð áhrif á lífríki. Vanda þarf mjög til verka við ákvarðanatöku um landnotkun, sem og útfærslur við hönnun og staðsetningu mannvirkja þ.m.t. fráveitu og lagna. Tryggja þarf að aðgengi að ströndinni sé til staðar skv. ákvæðum 26. greinar náttúruverndarlaga.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sigurður H. Ólafsson" <sigurdur@kjós.is>
To: "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Minjastofnun Íslands" <postur@minjastofnun.is>; "eftirlit@eftirlit.is" <eftirlit@eftirlit.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
CC:
Subject: Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur, Kjósarhreppi_Frístundabyggð
Date: 12.5.2021 09:27:13

Góðan dag.

Sent til umsagnar, í samræmi við 4. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagstillagan hefur var kynnt kynnt almenningi með auglýsingu í Morgunblaðinu þann og í Lögbirtingablaðinu þann 7. maí sl., ásamt því að vera aðgengileg á heimasíðu Kjósarhrepps og í anddyri hreppsskrifstofu.

Hér með er gefin kostur á að koma á framfæri athugasemdum við deiliskipulagið. Óskað er eftir að athugasemdirnar berist eigi síðar en 4 vikum frá dagsetningu þessa tölvupósts.

Sveitarstjórn telur að heimilt hafi verið að falla frá gerð lýsingar skipulagsverkefnisins, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga, enda liggja allar megin forsendur deiliskipulagstillögunar fyrir í aðalskipulagi.

Kær kveðja,

Sigurður H. Ólafsson

Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps

Sími 566 7100 / 898 2297

Netfang: skipulag@kjos.is



Viðhengi

image002.png (5 KB)

image001.png (159 KB)